

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Bæjabænda í Snæfjallahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

Hámarkshraði ökutækja á Álafossvegi, í hliðartúnshverfi og í Markholtshverfi í Mosfellshreppi skal vera 35 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. 7. gr. laga nr. 62 13. maí 1966, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. marz 1967.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja í Eiðahverfi í Suður-Múlasýslu.

Hámarkshraði ökutækja á Þjóðveginum við svonefnt Eiðaskólahverfi, frá heimreiðinni að Eiðaskóla inn að Eiðalæk skal vera 45 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. 7. gr. laga nr. 62 13. maí 1966, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. marz 1967.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.